Krossgáta Lesbókar Morgunblaðsins

Lausn á síðustu krossgátu





sagði: „Ó, hann er svo nálægur.“ Svo leit hún aftur á sama stað og sagði með undrunarsvip: „Hann er með Vidu hjá sér.“ Svo sneri hún sér aftur að mér og sagði: „Vida er hjá honum.“ Síðan sagði hún: „Þú vilt fá mig pabbi, ég er að koma.“

Sýnir algengari þegar hugurinn er skýr

Dr. Barrett varð fyrir svo miklum áhrifum af því að Doris skyldi sjá Vidu, að hann safnaði saman öllum slíkum frásögnum sem hann gat fundið og gaf þær svo út í bók sem bar nafnið **Banabeðssýnir** og út kom 1926.

Þetta var fyrsta kerfisbundna rannsóknin á þess konar fyrirbærum. Niðurstöður Barretts voru þær, að hinir deyjandi hafi séð í sýn látnar persónur, sem hafi komið til þess að færa hina deyjandi til sinna himnesku heimkynna. Hann komst einnig að þeirri niðurstöðu, að slíkar sýnir eru algengari þegar hugur sjúklingsins er skýr og skynsamlegur, og stundum komi það fram í slíkum sýnum, sem hinn deyjandi eigi alls ekki von á. Til dæmis undruðust deyjandi börn oft að sjá engla án vængja. Einnig kom fram í tilfellum Barretts, að sýnunum fylgdu upphafning, unaðslegar tilfinningar, ró og friður. Þá nefndi hann einnig dæmi þess að viðstaddur ættingi eða hjúkrunarkona fyndi einnig til þessara unaðslegu tilfinninga ásamt hinum deyjandi manni.

Þetta voru rannsóknirnar sem þeir dr. Karlis Osis og dr. Erlendur Haraldsson hafa nú tekið upp aftur á vísindalegan hátt og með sama árangri.

Það hefur lengi verið skoðun mín, að dauðinn sé engan veginn endir allrar mannlegrar reynslu; að við lifum áfram að þessu lífi loknu. Ég er alveg sammála Dag Hammarskjöld um það, að það sé ákaflega mikilvægt hverjum manni að gera sér sem fyrst grein fyrir þessu sökum þess, að þessum sannleik fylgir óhjákvæmilega skilningurinn á því, að reikningar okkar verði ekki að fullu gerðir upp í þessu lífi.

Það er hverjum hugsandi manni alveg ljóst með því einu að líta í kringum sig, að niðurstaðan af því að trúa ekki á líf eftir dauðann hlýtur að leiða til þeirrar skoðunar, að réttlæti sé ekki til.

Eyðileggjandi hugsunarháttur

Sú skoðun, að þetta líf sé öll tilvera mannsins, getur því leitt til eyðileggjandi hugsunarháttar. Ef maður telur sig staddan í frumskógi, þar sem ofbeldi, fals og flæræði eitt sé til nokkurs gagns og sá sterki eigi tvímælalaust að ráða, þá getur slíkt leitt til miskunnarlauss lífs, sem getur eyðilagt viðkomandi persónu.

Þeir sem trúa á annað líf, eins og komið hefur fram í vísindalegri könnun að meirihluti Íslendinga gerir, eða telja það beinlínis hafa verið sannað fyrir sér, sökum þess sem þeir hafa upplifað, hljóta því jafnframt að gera sér þess fulla grein, að hver er sinnar gæfu smiður. Að áminning Páls postula um að eins og maðurinn sái hljóti hann og að uppskera, er lögmál sem enginn kemst undan.

En okkur gengur stundum erfiðlega að átta okkur á því, hvort gæfan sé okkur hliðholl, sökum rangs mats á því í hverju gæfa liggur.

Hverja trú sem menn þykjast játa opinberlega, þá er það sannreynd, að á Vesturlöndum og víðast annars staðar eru menn metnir eftir hæfileikum sínum til þess að safna fé og græða það fyrst og fremst. Áhrifamesti guð Vesturlanda er Mammon, þótt þess sé gætt að viðurkenna slíkt aldrei opinberlega.

Hér þarf að hefjast endurmat slíkra skoðana, og er það raunar þegar hafið meðal fjölda ungs fólks víða um heim. Það hefur séð á lífi foreldra sinna, að gæfan er ekki föl fyrir fé eða frama.

Meðal annars af þessum ástæðum hljótum við að fagna nýjum rannsóknum vísindanna, sem færa enn nýjar stoðir skynseminnar undir þá skoðun, að látinn lifir.

Þær rannsóknir nútímans, sem best hafa stutt þetta, eru einkum þrenns konar: 1) Rannsóknir á endurholdgunarkenningunni, 2) rannsóknir á sýnum manna við banabeð, sem ég hef lítillega minnst á í þessu erindi, og 3) rannsóknir á reynslu fólks sem læknar hafa lýst yfir að sé látið, en snýr engu að síður aftur til jarðlíkamans og heldur áfram að lifa í honum um lengri eða skemmri tíma.

Í framhaldi af þessu mun ég gera nokkra nánari grein fyrir þessum rannsóknum.

Málverkið hefur fengið uppreisn

Frh. af bls. 11.

mismunandi hratt og það verður fróðlegt og skemmtilegt að sjá á komandi árum árangur þessara listamanna og þær ályktanir sem dregnar verða af verkum þeirra. Ítalski listfræðingurinn Achille Bonito Oliva hefur látið eftir sér að Nýja málverkið hafi orsakað „merkingarfræðilegar hamfarir“. Og í grein sem hann skrifar í franska listtímaritið Art Press segir hann ennfremur: „Þessum ungu listamönnum er ekkert lengur heilagt. Öllu er rutt saman. Mótsagnakennd form og hugmyndir eru neydd til að lifa í sambýli á myndfletinum. Verkin eru opin og listamaðurinn hleður nútíð, þátíð, heiðnum og heilögum táknum í myndrýmið eingöngu til að fullnægja eigin ánægju og sköpunarþörf.“ Það verður því spennandi að sjá hvernig íslenskir listamenn munu vinna úr hinu hversdagslega og menningarlega umhverfi.

Neyðarástand

Að lokum er einnig vert að líta rétt aðeins á ytri aðstæður listarinnar í landinu. Í sannleika sagt ríkir neyðarástand hjá ungum listamönnum sérlega hvað varðar framfærslu og efniskaup, menntunarmál og söfnin.

Því miður hafa listasöfnin hér á landi verið einstaklega lítt örvandi fyrir ungt listafólk, og varla veitt þeim athygli. Kjarvalsstaðir hafa verið reknir sem gallerí þar sem listamaðurinn verður að leigja sýningarhúsnæði og Listasafn Íslands virðist gersamlega lamað og óvirkt. Forstöðukona safnsins og stjórnin hafa greinilega ekki haft áhuga né rænu til að kynna þá listastrauma sem flætt hafa ögrandi um Evrópu og Bandaríkin á síðastliðnum árum. Listasafn Íslands er hreint út sagt skömm fyrir íslenska listmenningu. Aftur á móti hefur Nýlistasafnið eins og fyrr segir unnið stórkostlegt starf við heimildaskráningu, sýningar og kynningu á nútímalist. Þar hefur fólk unnið í sjálfboðavinnu við að bjarga íslenskri listmenningu frá glötun, en opinber styrkveiting til safnsins hefur verið smánarleg.

Þá er það sorgleg staðreynd að pólitísku flokkarnir hafa varla lagt neina áherslu á framgang sjónmennta og þá sérstaklega myndlistar. Það ætti að vera ljóst að listin getur ekki blómstrað í landinu, nema til komi raunverulegur stuðningur frá yfirvöldum eða einstaklingum og fyrirtækjum. Það er því krafa allra listunnenda að komið verði upp háskólakennslu í sjónmenntum og myndlist og að listasöfnin starfi sem virkur þátttakandi í nýlistarsköpun á hverjum tíma. Listasafn er ávallt ákveðinn mælikvarði á listmenningu.